



Embætti landlæknis
Barónsstíg 47
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. júní 2016

Málefni: Rammasamningur um þjónustu hjúkrunarheimila

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir nefnd SFV) hafa frá því í janúar 2015 verið í viðræðum við Sjúkratryggingar Íslands (hér eftir nefnd SÍ) um gerð rammasamnings um þjónustu hjúkrunarheimila.

Í tengslum við þær viðræður hefur mikið verið rætt um mönnun á hjúkrunarheimilum og hvaða viðmið um mönnun skuli leggja til grundvallar við gerð samningsins. Hefur ennfremur mikið verið rætt um „Viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum skilgreind“ sem gefin hafa verið út af Embætti landlæknis, hvaða þýðingu þau hafi í raun og hvaða skyldur þau viðmið leggji á hjúkrunarheimili. Ástæða umræðunnar er auðvitað sú staðreynd að núverandi fjármagn frá ríkissjóði dugir engan veginn til að uppfylla þau viðmið sem kveðið er á um í áður nefndum viðmiðum. Þetta er hægt að kynna sér nánar í kostnaðargreiningu sem unnin var af ráðgjafafyrirtækinu Nolta í apríl 2016. Rétt er að geta þess að þær breytingar sem kynntar hafa verið á kröfulýsingu velferðarráðuneytis hafa óveruleg áhrif á þessa kostnaðargreiningu. Sú niðurstaða er óbreytt þó svo einum milljarði króna verði bætt við þá u.þ.b. 27 milljarða sem þegar er veitt til reksturs hjúkrunarheimila.

SFV hefur lagt mikla áherslu á að skýrt verði kveðið á um það í þeim þjónustusamningi sem verið er að gera, hvort að opinberir aðilar ætli að gera þá kröfu að hjúkrunarheimili séu með tiltekna mönnun / fagmönnun og þá hver sú mönnun eigi að vera (sjá fylgiskjal 1 – 2).

Eins og fram kemur í svari SÍ dags. 1. júní 2016 þá mun SÍ ekki gera kröfu um aðra mönnun en tilgreind verður í rammasamningi aðila og kröfulýsingu Velferðarráðuneytisins. Þá er staðfest af hálfu Velferðarráðuneytis að sú kröfulýsing sem lögð verður til grundvallar þjónustusamningunum muni ekki fela í sér kröfu um að hjúkrunarheimili uppfylli „Viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum skilgreind“.

Í samræmi við ofangreindar útskýringar er ljóst að það er sameiginlegur skilningur Sjúkratrygginga Íslands og Velferðarráðuneytisins að „Viðmið um mönnun á hjúkrunarheimilum skilgreind“ feli í sér viðmið sem hægt sé að hafa til hliðsjónar en feli ekki í sér eiginlegar kröfur á hjúkrunarheimili.

SFV hefði gjarnan kosið að mönnun hjúkrunarheimila væri í samræmi við þessi viðmið og harnar að ekki sé lagt fram daggjald af hálfu ríkisins til að hægt sé að veita þjónustu af þeim gæðum sem þessi viðmið miðast við. Hjúkrunarheimili innan SFV munu reyna að gera sitt besta í því að manna sína þjónustu, en eins og gefur að skilja ekki er hægt að ábyrgjast meiri mönnun en þá sem íslenska ríkið er tilbúið að greiða fyrir. Eins og fram kemur í meðfylgjandi kostnaðargreiningu frá ráðgjafafyrirtækinu Nolta mun daggjald hjúkrunarrýma aðeins duga til að greiða allt að 35% af umönnunarkostnaði þegar miðað er við lágmarksumönnun viðmiða

Embættis landlæknis.¹ SFV mun þó hvetja aðildarfélög sín til að gera betur hafi þau tök á. Rétt er að benda á að þetta hlutfall mun lækka ef raunvirði daggjalda hjúkrunarheimila lækkar í framtíðinni, eins og raunin hefur verið undanfarin ár.

SFV telur rétt að eftirlitsaðilar og velferðarráðuneytið séu upplýst um þessa staðreynd nú þegar komið er að síðustu lotu samningaviðræðna SFV og SÍ um rammisamning, enda er ekki hægt að gera frekari kröfur til starfsemi heldur en greitt er fyrir.

Virðingarfyllst,


Pétur Magnússon

Formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Fylgiskjöl:

1. Bréf SFV til SÍ dags. 11. maí 2016
2. Bréf SFV til SÍ dags. 25. maí 2016
3. Svarbréf SÍ dags. 1. júní 2016
4. Kostnaðargreining Nolta – viðbót

¹ Það hlutfall miðast við að núverandi daggjald hækki um u.þ.b. 3% í kr. 27.000,- m.v. RAI – stuðulinn 1, í samræmi við boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar.